

Stjórnarfundur Leiknar dagana 13-16. janúar 2017 á netinu.

Mætt: Guðrún Lárusdóttir, Ólafur Ástgeirsson, Helga Gísladóttir, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir, Þuríður Sigurðardóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Stjórn Leiknar ákvað að halda fund á netinu til að taka afstöðu til nokkurra álitamála. Framundan eru formannsskipti þar sem Hulda A. Arnljótsdóttir lætur af formennsku þar sem hún er að skipta um starf. Þuríður Sigurðardóttir, varaformaður hefur beðist undan því að taka við vegna sérstakra ástæðna svo leita þarf að nýjum formanni til að ljúka starfsárinu. Einnig er í uppsiglingu að undirbúa ráðstefnu með Kvasi í kringum aðalfund en ákveðið hefur verið að halda aðalfundinn þriðjudaginn 25. apríl. Opnað var því fyrir umræður um þessi mál.

Dagskrá:

1) Nýr formaður næstu 3 mánuði

Hulda formaður hefur tilkynnt að hún þarf að hætta þar sem hún er að hefja störf í menntamálaráðuneytinu. Þuríður varaformaður hefur beðist undan því að taka við vegna sérstakra ástæðna og því var ákveðið að ritari tæki við keflinu og samþykkti Guðrún Vala Elísdóttir það. Hún mun því undirbúa ársfund, ganga frá ársskýrslu og vera í forsvari Leiknar við að undirbúa fræðslu/ráðstefnu í samstarfi við Kvasi. Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri mun sjá um ársreikninga að venju og uppsetningu glærupakka. Hlutverk annarra stjórnarmanna verður rætt síðar.

2) Næstu fjarfræðsluerindi

Framundan eru þrjú fjarfræðsluerindi sem send verða út með sama lagi og áður:

Þriðjudagur 7. febrúar, kl. 9.00-9.45: „Hvernig styður skólabyggingin og námsumhverfið í Haderslev í Danmörku við nám fullorðinna og nýja hugmyndafræði menntunar?“ Kynnir er Jesper Andreasen, ráðgjafa- og samskiptastjóri hjá VUC-syd (Voksenuddannelsescenter). Anna Kristín sér um útsendingu frá Danmörku.

Þriðjudagurinn 7. mars kl. 9-9.45: Guðrún Vala sér um þennan fyrirlestur og kom með nokkrar uppástungur s.s. að Hörður Baldvinsson, verkefnastjóri flytti erindi. Ákveðið að hún sendi Huldu nánari upplýsingar sem kynntar verða í veffréttabréfi Leiknar í byrjun febrúar. Anna Kristín hafði áhuga á að fá fyrirlestur um samvinnu NA, Fjölbrautar á Akranesi og Símenntunarmiðstöðvarinnar um Stóriðjuskólann.

Þriðjudagurinn 4. mars kl. 9-9.45: Ólafur Ástgeirsson útvegar fyrirlesara og var rætt um að hafa kynningu á notkun MailChimp forritinu. Ólafur segir nánar frá þessu síðar.

3) Erlent samstarf á starfsárinu.

Yfirleitt höfum við farið einu sinni á ári á norrænan/baltneskan fund og flutt skýrslu Íslands en fundir þeirra hafa yfirleitt verið fleiri. Í ár hittist hópurinn í maí í Helsinki og var þar ákveðið að funda aftur

vorið 2017 og þá í Svíþjóð. Formaður mun sækja þann fund ásamt öðrum fulltrúa Leiknar og bauð Gurra sig fram. Einnig var rætt um hvort sækja ætti einn fund hjá EAEA en Leikn hefur aldrei sótt þá fundi en mikið virðist vera að gerast á þeim vettvangi. Ákveðið að ræða aðkomu Leiknar á EAEA fund síðar og einnig hvort senda eigi 1 eða 2 fulltrúa. Gurra tekur afstöðu til þess sem gjaldkeri og út frá fjárhag félagsins.

4) Ráðstefna með Kvasi

Fjallað var um framkvæmd samstarfsverkefnis Leiknar og Kvasir á grunni bókunar úr fundargerð Kvasis um aðalfundi sem haldnir verða „25. og 26. apríl (þriðjudagur og miðvikudagur) á Suðurlandi í samstarfi við Leikn. Ráðstefna og aðalfundur Leiknar verði haldinn fyrri daginn, aðalfundur Kvasis, forstöðumannafundurinn og fundur verkefnastjóra seinni daginn. Óskað verður eftir hugmyndum um efni ráðstefnunnar meðal stjórnar Leiknar og forstöðumanna miðstöðva innan Kvasis. Skil á hugmyndum er 18. janúar. Stjórn ákvað að leita til Suðurlands (Eyjólfis) um að halda utan um ráðstefnuna (í samstarfi við Leikn), kvölddagskrána og ráðleggja um gistingu. Ákveðið að leita til Vesturlands (Ingu Dóru) um að skipuleggja fund verkefnastjóra. Stjórn Kvasis skipuleggur aðalfund Kvasis og fund forstöðumanna. Þuríður Sigurðardóttir varaformaður Leiknar sat fundinn undir þessum dagskrárlið“.

Fundarmenn stungu upp á ýmsum málefnum til að ræða á ráðstefnunni en meginþemað verður ákveðið síðar með Kvasi. Nokkrar uppástungur til að vinna betur með eru: Vottun á námi, nýbúar, nýjar kennsluaðferðir, ný heimspeki menntunar, um fyrirtækjaskóla, um jafnræði til náms (fjárhagur, líkamleg fötlun, andleg fötlun, staðsetning, búseta, grunnfærni, menntunarstig). Einnig um jaðarhópa og hvernig má nálgast markhóp framhaldsfræðslulaga betur. Ákveðið að halda umræðunni áfram og ræða betur með Kvasi.

Fleira ekki gert
Fundargerð ritaði Hulda A. Arnljótsdóttir